

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurgreiðsla virðisaukaskatts samkvæmt reglugerð þessari er háð því að heimaland viðkomandi sendiráðs, eða sendierindreka, veiti gagnkvæman endurgreiðslurétt til íslenskra sendiráða eða sendierindreka.

2. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „10.000“ í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur fjárhæðin: 7.000.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 27. júní 2008.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Guðmundur Jóhann Árnason.